



## FUNDARGERÐ 464. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 11. febrúar 2022. Fundurinn er settur klukkan 15:30. Fundurinn er staðfundur á Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Ágúst Bjarni Garðarsson í fjarveru Kristins Andersen og Kolbrún Þorsteinsdóttir.

**Sækja fund með fjarfundarbúnaði:** Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri sækja staðfund.

Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, Ruth Einarsdóttir rekstrarstjóri Góða hirðisins og Haraldur Flosi Tryggvason Klein ráðgjafi stjórnar sækja fjarfund.

### Tekið fyrir

#### 1. Húsnæðismál GH og Sorpu

Samskipta- og þróunarstjóri gerir grein fyrir undirrituðum samningi um húsnæði fyrir höfuðstöðvar Góða hirðisins og skrifstofu SORPU við Köllunarklettsveg 1.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi

*„Stjórn SORPU bs. samþykkir að aflétta fyrirvara við undirritun fyrirbyggjandi samninga um húsnæði fyrir Góða hirðinn og SORPU við Köllunarklettsveg 1 og vísar þeim til kynningar á eigendavettvangi. Skuldbindingin sem í leigusamningunum felst rúmast innan fjárhagsáætlunar SORPU og Góða hirðisins sem samþykkt hefur verið fyrir árin 2023-2026.“*

Ruth Einarsdóttir og Haraldur Flosi víkja af fundi klukkan 16:05

#### 2. Staða urðunar og starfsleyfi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um stöðu urðunar og starfsleyfi urðunarstaðar.

#### 3. Endurræsing GAJA – minnisblað

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um endurræsingu GAJA.

#### 4. Samningur við Malbikstöðina um metankaup kynntur

Samskipta- og þróunarstjóri gerir grein fyrir þróunarsamningi Metan ehf. við Malbikstöðina.

#### 5. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður mánudaginn 28. febrúar klukkan 13:00

Fleira var ekki gert og fundi slitið 16:33.